



# Almennur úrskurður

**Frá:** Dórnefnd í Hreinsitækni Rally Reykjavík 2023  
**Til:** Keppnisstjóra ásamt keppanda og áhafnar á ökutæki nr. 16  
**Skjal:** 36  
**Dagsetning:** 20. ágúst 2023  
**Klukkan:** 16:55

## Málavextir

Dórnefnd barst erindi frá keppnisstjóra út af atviki á tímavarðstöð þar sem ræst var inn á sérleið (SS) 15, sem varðar áhöfn ökutækis nr. 16, sjá skjal nr. 29 á upplýsingatöflu keppinnar.

Dórnefnd boðaði áhöfn ökutækis nr. 16, keppnisstjóra, sjúkrafulltrúa og tímaverði á umræddri tímavarðstöð til skýrslutöku vegna málsins, sjá skjal nr. 30 á upplýsingatöflu keppinnar.

Samkvæmt samhljóða atvikalýsingu allra aðila þá fór ökutæki nr. 16 ekki af stað þegar tímavörður gaf merki. Það rann afturábak frá ráslnunni, aftur fyrir bíl tímavarða og út úr tímavarðstöðinni. Eftir það var ökutækinu ekið á ný inn í tímavarðstöðina og þaðan með gætni út úr henni inn á sérleiðina, eftir að hafa stöðvað hjá bíl tímavarðar og átt við hann samskipti.

Í Keppnisgreinarreglum fyrir rally er að finna eftirfarandi:

Grein	
<b>3.7.4</b>	Stranglega er bannað, að viðlagðri brottvísun úr keppni, að:
<b>3.7.4.a</b>	koma inn á stöð úr annarri átt en segir í leiðarlýsingu;
<b>3.7.4.b</b>	fara í gegnum eða inn í stöð sem áður hefur verið farið um.
<b>3.8.4</b>	Sérleiðir skulu byrja þannig:
<b>3.8.4.b</b>	Þegar rástími er kominn og rásmerki gefið skal ökutæki tafarlaust fara af stað.
<b>3.8.4.c</b>	Ökutæki sem ekki er kleift að yfirgefa ráslnu innan 20 sekúndna eftir að ræsing hefur verið heimiluð skal ýtt til hliðar til að hreinsa ráslnu og viðkomandi áhöfn tafarlaust vikið úr keppni.
<b>4.3.4</b>	Áhöfn skal koma á tímavarðstöðvar í þeirri röð sem þær eru í leiðarlýsingu og í tímabók, að viðlagðri brottvísun úr keppni.

## Úrskurður

Áhöfn nr. 16 er vikið úr keppni þar sem hún ók ökutæki sínu inn í tímavarðstöð við upphaf sérleiðar nr. 15 sem hún hafði þegar farið um. Einnig telst ökutæki nr. 16 ekki hafa yfirgefið ráslnu á umræddri tímavarðstöð innan 20 sekúndna.

Keppendum er bent á rétt sinn til að áfrýja ákvörðunum dórnefndar samkvæmt grein 15 í reglubókinni.

Aðalsteinn Símonarson  
Formaður dórnefndar

Malín Brand  
Dórnefndarmaður

Þórður Bragason  
Dórnefndarmaður